

Mánudaginn 2. júní 1930.

Nr. 27/1930.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Ólafi Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Áfengisлага- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. febr. 1930: Kærður, Ólafur Jónsson, greiði 250 kr. sekt í ríkissjóð innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella einföldu fangelsi í 15 daga.

Ennfremur skal hann sviftur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá lögbirtingu dómsins.

Svo greiði kærður og allan kostnað af máli þessu.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að kærði skal sviftur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði frá uppsögn lögregluréttardómsins að telja og að greiðslufrestur sektarinnar telst frá uppsögn dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó svo, að kærði, Ólafur Jónsson, skal sviftur leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá uppkvaðningu lögregluréttardómsins að telja, og að greiðslufrestur sektarinnar telst frá uppsögn dóms þessa.

Kærði, Ólafur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, málflytningismannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, 40 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Foresndur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ólafi Jónssyni lækni, Seltjarnarnesi, fyrir brot á ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926 og áfengislaganna nr. 64 frá 1928.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir með vitnaleiðslu í málinu og framburði kærðs sjálfs.

Hinn 1. jan. síðastl. klukkan að ganga 3, fór kærður heimanað frá sér í bil og ætlaði að heimsækja nokkra sjúklinga og ók hann upp í Þingholt, um Bergstaðastræti og upp á Þórsgötu, og síðan niður í Hafnarstræti og upp á Þórsgötu, og síðan niður í Hafnarstræti 8.

Á leiðinni niður í Hafnarstræti ók kærður ljóslaus um Austurstræti, og Þórður Ingimundarson settur lögregluþjónn, er var þar á verði, stöðvaði bilinn og aðvaraði kærða um að billinn væri ljóslaus, og sýndist honum þá kærður vera undir áhrifum víns. Hann fór því ásamt Ágúst Jónssyni, settum lögregluþjón, á eftir bifreiðinni niður að Hafnarstræti 8, og þar hittu þeir kærðan við stýri bifreiðarinnar, og var annar maður við hlið honum.

Lögregluþjónarnir sáu nú að kærður var undir áhrifum víns og fluttu hann með sér í bilnum á lögreglustöðina.

Kærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki drukkið vín þennan dag frá því kl. 5—6 um morguninn, þá hafi hann drukkið töluvert mikið af víni.

Hann kveðst hafa sofið litið og verið mjög þreyttur og veikur, er hann fór út þennan dag, en hann hafi ekki verið ölvaður, enda hafi sér gengið vel að keyra bilinn

Fjögur vitni hafa verið leidd í málinu.

Lögregluþjónunum Þórði Ingimundarsyni og Ágúst Jónssyni

ber báðum saman um það í vitnaskýrslum sínum, að kærður hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar, og segjast þeir greinilega hafa heyrt það á mæli kærðs, svo hafi þeir og fundið vínlykt af honum.

Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn hefur borið það, að hann hafi séð kærðan, er lögregluþjónarnir komu með hann á lögreglustöðina 1. janúar og hafi hann þá haft ýms einkenni þess, að hann væri undir áhrifum vins, hann hafi verið rauður og þrútin í andliti og augnaráð hans slappt og hafi sér virzt á málróm hans, að hann væri mikið undir áhrifum vins.

Vitnið, Helgi Guðmundsson, hefir borið, að það hafi hitt kærðan í bifreið hans hinn fyrsta jan. kl. um 5 fyrir utan sölubúð Haraldar Árnasonar og hafi boðið honum að keyra fyrir hann bilinn og hafi kærður tekið því boði hans og hann ekið bilnum niður í Hafnarstræti 8.

Hann segist hafa séð, að kærður var töluvert undir áhrifum vins, hann hafi heyrt það á mæli hans, svo hafi kærður og reikað í spori.

Kærður hefir eigi óskað eftir því, að hin leiddu vitni staðfesti framburð sinn með eiði, og lýst því yfir að hann tæki hann jafngildan og eiðfestur væri.

Það verður að teljast fullsannað með framburði áðurnefndra vitna, að kærður hafi verið ölvaður við akstur bifreiðar sinnar hinn 1. janúar.

Með þessu framferði sínu, að aka bifreið ölvaður, hefir kærður brotið gegn 5. gr. bifreiðarlaganna nr. 56 frá 1926 og 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 1928. Hegning sú, er hann hefir til unnið, er hæfilega ákveðin 250 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og skal kærður jafnframt sviptur leyfi til að stýra bifreið í 4 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Sektin greiðist innan 20 daga frá birtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 15 daga.

Ennfremur greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

